

Herra Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra  
Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

9. september 2015

**Efni: Sala á eignarhlut í Landsbankanum hf.**

Bankasýsla ríkisins hefur nú kynnt sér áform um sölu á allt að 30% eignarhlut í Landsbankanum hf. í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016. Stofnunin hefur þegar hafið nauðsynlega undirbúningsvinnu og áætlar að skila formlegri tillögu til ráðherra í samræmi við lög nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum fyrir 31. janúar n.k.


Fram að þeim tíma mun Bankasýsla ríkisins ræða mögulega útfærslu á sölu við Landsbankann hf., stærstu stofnanafjárfesta innan lands (eins og lífeyrissjóði og fjárfestingarsjóði) og alþjóðlega fjárfestingarbanka, sem stofnunin kann svo að kalla til ráðgjafar við formlegt sölufarli. Til að tryggja gagnsæi í ferlinu og skapa faglegan umræðugrundvöll um söluna, áætlar stofnunin að birta opinberlega skýrslu síðar á þessu ári um bráðabirgðaniðurstöður sínar, en stuðst hefur verið við svipað fyrirkomulag hjá systurstofnun hennar í Hollandi (NLF1) við undirbúning sölu á eignarhlut í ABN AMRO Group N.V. Þegar formleg ákvörðun ráðherra liggur svo fyrir skv. lögum nr. 155/2012 er áætlað að umsjónaraðilar með sölu verði ráðnir, áreiðanleikakannanir framkvæmdar og fjárfestakynningar útbúnar. Að því gefnu að stöðugleiki muni ríkja á fjármálamörkuðum og að rekstrarafkoma Landsbankans hf. verði í takt við áætlanir ætti fyrstu sölu á eignarhlut ríkisins í bankanum að vera lokið á seinni hluta árs 2016, í samræmi við þau áform, sem fram koma í fjárlagafrumvarpi.

Bankasýsla ríkisins mun leggja ríka áherslu á að upplýsa fjármála- og efnahagsráðuneytið með reglubundnum hætti um framvindu málsins og að eiga framúrskarandi gott samstarf við alla hagsmunaaðila, sem munu þurfa að koma að ferlinu.

Virðingarfyllst,



Lára L. Blöndal, stjórnarformaður



Jón G. Jónsson, forstjóri